

| |
|----------------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. _____ |
| 22. apríl 2015 08.14.02 |
| Tilv. _____ |

GMR Endurvinnslan ehf
Tangavegi 7
301 Akranes

AFRIT



Akureyri 22. apríl 2015
UST201502-138/G.S.Á.

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 22. janúar 2015 þar sem áformað var að áminna GMR endurvinnsluna ehf. vegna fjögurra fráviks frá starfsleyfi sem fram komu við reglubundið eftirlit þann 5. nóvember sl.

Svör frá rekstraraðila við umræddu bréfi bárust þann 2. febrúar sl. Í því bréfi kom fram að úrbótum er lokið hvað varðar öll frávikin sem áformað var að áminna fyrir nema eitt. Óskað var eftir fresti til að skila inn úrbótaáætlun vegna útstandandi fráviks, er varðar ryk sem barst undan þakjárnri verksmiðjuhússins og uppfyllir því ekki gr. 2.4. í starfsleyfi. Rekstraraðila var veittur frestur til 15. mars 2015 til að skila inn aðgerðaráætlun vegna þessa fráviks skv. bréfi dagsett 13. febrúar sl. Engin áætlun um úrbætur vegna þessa fráviks hefur borist eftirlitsaðila.


Umhverfisstofnun veitir GMR endurvinnslunni ehf., áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998 um mengunarvarnir og hollustuhætti, fyrir frávik frá gr. 2.4 í starfsleyfi. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til úrbóta til og með 13. maí 2015.

Vakin er athygli á að Umhverfisstofnun hefur heimildir til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt fyrirætlunum stofnunarinnar svo sem fram kemur í starfsleyfi, sbr. VI. kafla laga nr. 7/1998 um mengunarvarnir og hollustuhætti.

Umhverfisstofnun bendir á að 31. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 1281/2013. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna fráviks frá ákvæðum laga og reglugerða verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur